

Fimmtudaginn 20. janúar 1983.

Nr. 73/1982. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Sigurði Magnússyni

(Jónas A. Aðalsteinsson hrl.)

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Þór Vilhjálmsson og Guðmundur Jónsson og Guðmundur Skaftason, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu að ósk ákærða með stefnu 19. febrúar 1982. Ágrip barst Hæstarétti 15. júlí.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að refsing ákærða verði þyngd, en héraðsdómur staðfestur að öðru leyti. Því var lýst yfir við munnlegan flutning málsins, að horfið væri frá ívitnunum í ákæruskjali í áfengislög nr. 82/1969.

Verjandi krefst þess, að ákærði verði dæmdur í vægustu refsingu, sem lög leyfa, en áfrýjunarkostnaður greiddur af almannafé, enda hafi ákærði lýst því í júlí sl., að hann vildi una héraðsdómi og falla frá áfrýjun.

Með bréfi 13. maí 1982 til bæjarfógetans í Keflavík mælti ríkissaksóknari fyrir um frekari rannsókn málsatvika. Framhaldspróf var í sakadómi Grindavíkur 23. júní, og gáfu þá skýrslur lögreglumennirnir Jörgen Bendt Pedersen og Þorgrímur Stefán Árnason, Halldór Ársæll Jensson lögregluvarðstjóri og ákærði. Hinn 28. júní gaf Ægir Sigurður Guðlaugsson lögreglumaður skýrslu.

Ákærði skýrði svo frá, að hann hefði 13. október 1980 ekið bifreiðinni Ö 5479 frá Reykjavík áleiðis til Grindavíkur. Hefði hann áður neytt „einnar áfengisblöndu“ og hefði það verið svo lítið áfengi, að hann hefði talið sér óhætt að aka bifreiðinni, enda ekki fundið til neinna áfengisáhrifa við aksturinn. Lögregluvarðstjórinn kvaðst hafa gert skýrslu, sem lögð var fram í sakadómi, áður en héraðsdómur gekk, en hann sagðist ekki lengur muna eftir málinu. Hinir lögreglumennirnir þrír kvaðust hafa séð ölvunareinkenni á ákærða.

Með framburðum vitna, vottorði um blóðrannsókn og skýrslum ákærða sjálfs er sannað brot hans gegn 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Ber því eftir 80. gr. laganna, sbr. lög nr. 54/1976, að dæma ákærða, sem gekkst undir dómssátt 20. september 1979 vegna ölvunar við akstur, til að sæta varðhaldi 15 daga svo og ökuleyfisviptingu, eins og í héraðsdómi greinir, eftir 81. gr. laganna.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar er staðfest. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 3.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 3.500.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Sigurður Magnússon, sæti varðhaldi 15 daga.

Ákvæði héraðsdóms um ökuleyfisviptingu og greiðslu sakarkostnaðar eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 3.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jónasar A. Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 3.500.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Grindavíkur 3. nóvember 1981.

Ár 1981, þriðjudaginn 3. nóvember, er á dómþingi sakadóms Grindavíkur af Inga H. Sigurðssyni fulltrúa kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 2294/1980: Ákærvaldið gegn Sigurði Magnússyni.

I.

Mál þetta, sem þingfest var þann 22. júlí sl. og dómtekið í dag, hefur ríkissaksóknari höfðað hér fyrir dóminum með ákæruskjali, dags. 9. febrúar 1981, á hendur „Sigurði Magnússyni, verkamanni, Norðurvör 1, Grindavík, fæddum 16. ágúst 1915 á Tálknafirði, fyrir að aka mánudaginn 13. október 1980 undir áhrifum áfengis bifreiðinni Ö 5479 frá Sundahöfn í Reykjavík áleiðis til Grindavíkur, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans á Reykjanesbraut á Strandaheiði.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 80 gr. umferðar-

laga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfisviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar”

II.

Mánudaginn 13. október 1980 veitti lögregluþjónn bifreiðinni Ö 5479 eftirtekt, þar sem henni var ekið um Reykjanesbraut á Strandaheiði. Vegna athugunarverðs aksturslags bifreiðarinnar var hún stöðvuð og tal haft af ökumanni, er reyndist vera ákærði í máli þessu, og lagði áfengisþef frá vitum hans. Af þessum sökum var ákærði færður á lögreglustöðina í Keflavík, hvar hann viðurkenndi að hafa að undangenginni neyslu áfengis ekið bifreiðinni Ö 5479 frá Reykjavík áleiðis til Grindavíkur, þar til akstur hans var stöðvaður, eins og að framan greinir.

Ákærði hefur fyrir dómi viðurkennt að hafa að undangenginni neyslu áfengis þann 13. október sl. ekið bifreiðinni Ö 5479 frá Sundahöfn í Reykjavík áleiðis til Grindavíkur, þar til akstri hans lauk með afskiptum lögreglu á Reykjanesbraut á Strandaheiði. Mætti (sic) kvaðst ekki hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn.

Magn alkóhóls í blóðsýni, er ákærða var tekið af þessu tilefni, mældist 0.93 o/oo.

Með viðukenningu ákærða á neyslu áfengis undanfarandi akstri bifreiðarinnar Ö 5479 í umrætt sinn, niðurstöðu alkóhólranssóknarinnar og öðrum gögnum málsins þykir sannað, að ákærði hefur gerst sekur um þá háttsemi, sem hann er borinn í ákæru, og varðar hún við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

III.

Samkvæmt sakavottorði, dags. 1. desember 1980, hefur ákærði sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

„1979 20/9 í Keflavík: Sátt; 1000.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 12 mán. frá 20/9 1979”.

VI.

Refsing ákærða samkvæmt 80. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 54/1976, og 33. gr. áfengislaga, sbr. lög nr. 52/1978, telst hæfilega ákveðin sekt kr. 3.000.00 í ríkissjóð, sem afplánist með 10 daga varðhaldi, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá dómsbirtingu.

Ákærði er enn fremur sviptur ökuleyfi ævilangt samkv. 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga, þ. m. t. fyrirmæli um ítrekunaráhrif. Gildir sviptingin frá dómshirningu.

Ákærði skal loks dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar máls þessa samkv. 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Sigurður Magnússon, greiði sekt kr. 3.000.00 til ríkissjóðs, og komi varðhald 10 dagar í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði er sviptur ökuleyfi ævilangt frá birtingu dómsins að telja.

Ákærða ber að greiða allan kostnað vegna máls þessa.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 20. janúar 1983.

Nr. 82/1982. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Sigurbirni Matthíassyni

(Gunnar Sólmes hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Guðmundur Jónsson og Guðmundur Skaftason, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu að ósk ákærða 19. mars 1982. Ágrip málsins barst Hæstarétti 25. júní.

Af hálfu ákærvalds er þess krafst, að refsing verði þyngd, en héraðsdómur að öðru leyti staðfestur. Því var lýst yfir við munnlegan flutning málsins, að horfið væri frá ívitnunum í ákæruskjali í áfengislög nr. 82/1969.

Verjandi krefst sýknu.

Fallast ber á sakaramat héraðsdómara.